

2.fundur skólanefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022-2026

Sameiginlegur fundur leikskólans Undralands og Flúðaskóla

10. október 2022 kl. 14:15 í Flúðaskóla

Mætt: Katrín Þorvaldsdóttir, formaður, Björgvin Viðar Jónsson og Halldóra Hjörleifsdóttir sem ritar fundargerð. Einnig sóttu fundinn Jóhanna Lilja Arnardóttir skólastjóri Flúðaskóla, Kolbrún Haraldsdóttir í forföllum Árna Þórs Hilmarssonar aðstoðarskólastjóri Flúðaskóla Vilborg Ástráðsdóttir og Helga Jóhanna Ólafsdóttir-fulltrúar Skeiða-og Gnúpverjahrepps, Margrét Sævardóttir fulltrúi foreldra, Ingveldur Eiríksdóttir leikskólastjóri, Alda Kristín Jóhannsdóttir fulltrúi starfsfólks Undralands og Ragnheiður Kjartansdóttir fulltrúi foreldra Undralands. Einnig mættu á fundinn Kristín Arna Hauksdóttir frá SVÁ undir lið nr 1 og Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri undir lið nr 5. fulltrúi starfsfólks Flúðaskóla boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Kynning frá Kristínu Örnu Hauksdóttir verkefnastjóra samþættrar þjónustu í þágu farsældar barna hjá Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.
2. Leikskólastjóri og skólastjóri segja frá samstarfi leik- og grunnskóla í Hrunamannahreppi.
3. Réttir-Umfjöllun leikskólastjóra og skólastjóra um skólasókn á báðum skólastigum á nýliðnum réttardegi 9.september.
4. Umræða skólanefndar á skólamálum Hrunamannahrepps.
5. Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri kynnir fyrir skólanefnd tvö mál.
 - Reglur Hrunamannahrepps um sérstakar heimgreiðslur til foreldra og forráðamanna barna sem ekki eru á leikskóla frá 12 mánaða aldri og þar til barn hefur nám í leikskóla.
 - Einnig kynnir sveitarstjóri fyrir okkur stöðu mála sem varða sérfræðibjónustu skólastiganna, breytingar Skóla-og velferðarþjónustu Árnesþings.
6. Önnur mál

Formaður setti fund og bauð fundarfólk velkomið inn á fundinn.

1. Kristín Arna Hauksdóttir verkefnastjóri samþættrar þjónustu í þágu farsældar barna hjá Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings kynnti fyrir skólanefnd innleiðingu þjónustu í þágu farsældar barna í tengslum við innleiðingu nýrra farsældarlaga.
2. Leikskólastjóri og skólastjóri segja frá samstarfi leik- og grunnskóla í Hrunamannahreppi. Alda úr leikskólanum og Fríður úr skólanum halda utan um skólahóp leikskólans. Það er skipulagt starf yfir allan veturninn þar sem hópurinn kemur í heimsókn í skólann í ýmis verkefni. Gott samstarf sem er verið að efla en frekar.
3. Stutt umfjöllun leikskólastjóra og skólastjóra um skólasókn á báðum skólastigum á réttardeginum 9.september, hversu mörg börn sóttu um leyfi þennan dag . Í Flúðaskóla mættu 13 af 102 nemendum á réttardaginn dreift yfir alla bekki. Í leikskólann mættu 6 börn af 38.
4. Umræða skólanefndar á skólamálum í Hrunamannahreppi. Skólastefna sveitarfélagsins (2012) þarfust endurskoðunar. Í starfsumhverfi skóla hafa orðið miklar breytingar á undanförnum árum sem þarf að taka tillit til þegar ný

KP

AK
WA

JLA
RK

Jón. Jd

skólastefna er mótuð. Skólanefnd leggur til við sveitarstjórn að gerð verði úttekt á skólamálum í Hrunamannahreppi af utanaðkomandi ráðgjafa og í kjölfarið verði farið í vinnu við skólastefnu sveitarfélagsins. Skólanefnd vísar málinu til sveitastjórnar til frekari afgreiðslu í samvinnu við skólastjóra beggja skólastiga og fulltrúa skólanefndar.

5. Á fundinn mætti Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri og kynnti fyrir skólanefnd tvö mál. Annars vegar voru það nýjar reglur Hrunamannahrepps um sérstakar heimgreiðslur til foreldra og forráðamanna barna sem ekki eru í leikskóla frá 12 mánaða aldri og þar til barn hefur nám í leikskóla.

Aldís fór yfir málið og svaraði spurningum.

Halldóra leggur fram eftirfarandi bókun:

Á síðasta sveitarstjórnarfundi samþykkti meirihluti sveitarstjórnar að greiddar verði sérstakar heimgreiðslur til foreldra og forráðamanna barna sem ekki eru í leikskóla frá 12 mánaða aldri og þar til barn hefur nám í leikskóla. Skilyrði fyrir greiðslum er að barn sé á biðlista eftir leikskólapláSSI. Ég harma það að málið hafi ekki fengið umfjöllun í skólanefnd en eins og kemur fram í erindisbréfi skólanefndar og landslögum þá fer skólanefnd með málefni skóla í sveitarféluginu í umboði sveitarstjórnar.

Í ljósi þess að tilgangur reglanna er að koma til móts við foreldra legg ég til að reglurnar verði endurskoðar með það að markmiði að gefa foreldrum val um hvort það nýti heimgreiðslur óháð því hvort það sé á biðlista eftir leikskólapláSSI fyrir barn sitt eða ekki. Með því er verið að stuðla að markmiðum barnvæns sveitarfélags og foreldrum gefið val um að hafa börnin sín lengur heima. Með því að breyta reglunum þannig að í boði verði að fá heimgreiðslur frá 12 til 24 mánaða aldri barns er bæði verið að koma til móts við fjölskyldur og einnig getur það hjálpað til við þann mönnunarvanda sem við glíum við í leikskólanum.

Hins vegar kynnti sveitarstjóri stöðu mála sem varðar sérfræðiþjónustu skólastiganna, breytingar hjá Skóla-og velferðarþjónustu Árnesþings.
Skólanefnd leggur mikla áherslu á að breytingarnar í sérfræðiþjónustunnar verði unnar hratt og örugglega þannig að ekki verði rof í þjónustunni.

6. Önnur mál

- a. Haustþing leikskólakennara 14. október, umfjöllun um Haustþing leikskólakennara sem verður haldið 14. október næstkomandi og leikskólinn því lokaður. Við gerð síðasta skóladagatals var þessi dagur ódagsettur en það kemur fram í skóladagatali leikskólans. Út frá skilagrein leikskólastjóra við gerð skóladagatals síðasta vor kemur fram að starfsdagar séu 7 og er haustþingið einn af þeim. Skólanefnd fagnar því að starfsfólk leikskólans sæki haustþing leikskólakennara sem er mikilvægur liður í endurmenntun, samvinnu og samheldni innan leikskólans ásamt því að haustþingið er góður vettvangur til að tengast öðrum sem vinna á sama starfsvettvangi.
- b. Jóhanna Lilja hvetur til að settar yrðu reglur um tvöfalda skólavist í sveitarfélagini.
- c. Rætt um nýbúa sem eru á skólaaldri. Samþykkt að vinna verkferla þannig að þeir sem flyta í sveitarfélagið fái strax upplýsingar um nauðsyn þess að skrá sig í skóla.

KP
JZA
VAA
RK
JSA
JL

Næsti fundur skólanefndar vegna leikskóla verður haldinn 19.október. og 14. Nóvember
vegna Flúðaskóla.

Fleira ekki rætt og fundi lokið kl 16:35

Vilborg Ástríðsdóttir

Helen Þóra Már Ólafsson

Johanna Ólga Árnadóttir

Ragnheiður Kjartansdóttir

Heidi Ólafsdóttir

Katrín Þorvaldsdóttir

Kouzlin Haraldsdóttir